

Ég undirrituð skrifa hér með þetta bréf fyrir hönd húsfélagsins Trönuhjalla 13-17, 200 Kópavogi.

Undanfarin ár höfum við verið í vandræðum með bíla sem leggja á götunni okkar, Trönuhjalla og gera það erfitt fyrir aðra íbúa götunnar að keyra um hana. Um er að ræða nokkra bíla sem leggja þarna allann sólahringinn. Þetta skapar mjög mikla hættu fyrir aðra ökumenn þar sem gatan okkar er mjög þröng og öll í beygjum. Gatan bíður einfaldlega ekki upp á að það sé lagt þarna og höfum við reynt allt til að fá þessa bíla í burtu. Þetta er botnlanga gata og því aðeins ein leið út og inn í götuna.

Þarna hafa orðið 3 bíla árekstrar og ökumenn þurfa að taka sjensinn á því að engin sé að koma á móti þegar þeir reyna að keyra framhjá þessum bílum. Þetta er agalegt og oftast en ekki þurfa bílar að bakka því það eru að koma bílar á móti. Eins og sést á með fylgjandi myndum er mjög erfitt að sjá hvort einhver sé að koma á móti og á veturnna þegar það er hálka og snjór er þetta mjög hættulegt. Það er eldra fólk hér í húsinu sem þorir ekki lengur að keyra götuna okkar.

Ég hef sjálf fyrir nokkrum árum lent í árekstri þarna vegna þess að það kom bill á móti mér á vitlausum vegahelmingi og við gátum hvorugt stoppað það var svo mikil hálka.

Það kom til mín kona á föstudag, skjálfandi eftir að hafa næstum lent í árekstri þarna og ég sjálf lenti næstum í árekstri á sama stað á föstudag, hér er með fylgjandi myndband sem sonur minn náði af þessu og sýnir hvað þetta er hættulegt og hvað við vorum nálægt því að lenda framaná bíl. Bæði ég og þessi kona hefðum verið í órétti ef við hefðum lent í árekstri vegna þess að við þurftum að keyra á vitlausum vegahelmingi vegna þess að það voru 4 bílar fyrir, við hefðum hvorugar getað borgað fyrir sjálfabyrgðina sem myndi fylgja árekstri, hver á að greiða tjónin? Núna er að koma hálka og snjór þannig að þetta á bara eftir að versna.

Í samvinnu við bílastæðasjóð Kópavogs var málað á götuna í sumar beinar hvítar línur sem banna framúrakstur en þessir bílar leggja samt enn þarna. Annað segist þeir ekki geta gert og bennti okkar á að hafa samband við ykkur.

Það er ekki hægt að þessir íbúar séu að leysa sín vandamál með því að búa til vandamál fyrir alla hina í götunni, við erum að tala um 5 bíla sem leggja svona sem til heyra 2 húsum í götunni og svo 2 stórar blokkir í botnlanga götu sem eru með +100 bíla á dag.

Ég hef verið í sambandi við lögregluna varðandi þetta og þeir geta ekkert gert, við meigum ekki keyra yfir óbrotnu línunni sem er lögbrot en samt má leggja þarna. Þannig að + 100 bílar á dag brjóta lög til að geta keyrt til og frá heimili sínu.

Við biðjum því um hjálp frá ykkur, það verður að leysa þetta einhvern veginn.

Við viljum einfaldlega koma í veg fyrir frekari slys á fallegu götunni okkar.

Fyrir hönd húsfélagsins Trönuhjalla 13-17

Berglind Tómasdóttir gjaldkeri

Sími 611-2307

